

77. gr. laga nr. 58/1967 segir, að Rafmagnsveitur ríkisins séu undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og „öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga“. Það verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að fasteignaskattur falli utan þessarar upptalningar. Þykir því ekki fært annað en að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, enda verður ekki litið svo á, að lög nr. 8/1972 hafi beint eða óbeint raskað þeim fríðindum, sem gerðarþola voru veitt með nefndri grein.

Málskostnaður fellur niður í fógetamáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 6. maí 1975.

Nr. 142/1973. **Protabú Vátryggingafélagsins h/f**

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)

gegn

Vagni E. Jónssyni hæstaréttarlögmanni

(sjálfur).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Gjaldprot. Riftun fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. október s. á. Krefst hann þess, að honum verði greitt allt uppboðsandvirði lausafjármuna, sem seldir voru á nauðungaruppboði 23. maí 1970 að kröfu stefnda samkvæmt fjárnámi, er gert var hjá Vátryggingafélaginu h/f 10. desember 1969. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Hann hefur lýst yfir því, að fjárheimtu þá, sem um er fjallað í málinu, hafi hann með höndum fyrir Eggert Sigurmundsson, Auðsholtshjáleigu, Ölfushreppi.

Skiptaráðandi þrotabús Vátryggingafélagsins h/f var á uppboðsþinginu 23. maí 1970, og gerði hann þar með vísan til 22. gr. laga nr. 25/1929 þann fyrirvara f. h. þrotabúsins, að áfrýjanda yrði ekki greitt uppboðsandvirði hinna fjárnumdu muna, fyrr en lögmaetum skiptafundi í þrotabúinu hefði gefist kostur á að tjá sig um, hvort fjárnámið héldi gildi gagnvart því. Á skiptafundi í þrotabúinu 10. nóvember 1970 var leitað álits fundarmanna um það, „hvort búið ætti að gera tilkall til uppboðsfjárins og krefjast úrskurðar um það atriði í uppboðsrétti, ef með þarf“. Var samþykkt að gera tilkall til fjárins, og lýsti skiptaráðandi síðan yfir í samræmi við atkvæðagreiðsluna, að gerð yrði krafa í uppboðsandvirðið. Skiptafundur samþykkti að fela Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni að fara með málið fyrir hönd búsins, ef til málshöfðunar kæmi. Var ágreiningsefnið því næst tekið fyrir í uppboðsrétti 18. desember 1970.

Krafa áfrýjanda er á því byggð, að samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 25/1929 megi þrotabúið rifta áðurgreindu fjárnámi. Verður að skilja samþykkt skiptafundarins 10. nóvember 1970 svo og kröfur áfrýjanda í máli þessu þannig, að ætlunin sé að fá úrlausn uppboðsréttarins um, hvort fjárnámið haldi gildi gagnvart þrotabúinu.

Samkvæmt 2. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 úrskurðar uppboðshaldari öll atriði varðandi uppboð, og samkvæmt 46. gr., sbr. 34. gr. nefndra laga, skal hann úthluta uppboðsandvirði. Þykja reglur 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929, eins og á stendur, ekki vera því til fyrirstöðu, að uppboðsréttur ráði til lykta ágreiningi aðilja.

Þegar bú Vátryggingafélagsins h/f var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 13. mars 1970, var ekki liðinn 6 mánaða frestur sá, sem um ræðir í 22. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 25/1929, en upphaf hans ber að miða við birtingu stefnu á hendur Vá-

tryggingafélaginu h/f 23. september 1969. Hvorki er því haldið fram, að félagið hafi þá átt fyrir skuldum né að stefndi hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að svo væri. Verður því að líta svo á, að sérréttindi þau, sem stefndi öðlaðist með fjárnáminu 10. desember 1969, falli niður. Skal því allt uppboðs- andvirði lausafjármuna þeirra, sem seldir voru á nauðungar- uppboði 23. maí 1970 að kröfu Vagns E. Jónssonar hæstarétt- arlögmanns, renna til áfrýjanda.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Framangreint uppboðsandvirði skal renna til áfrýj- anda, þrotabús Vátryggingafélagsins h/f.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Rykjavíkur 9. júlí 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum mál- flutningi 5. þ. m.

Kröfur sóknaraðilja eru þær, að honum verði afhentar af síðar- greindu uppboðsandvirði kr. 104.462 auk 7% ársvaxta af kr. 100.000 frá 15. september 1967 til 3. desember 1969 og af kr. 90.000 frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið til varnar af einhvers hálfu í málinu, krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hans hendi.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að sér verði úthlutað hinu umdeilda uppboðsandvirði. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málavextir eru þeir, að hinn 15. september 1967 gáfu þeir Guð- mundur A. Guðmundsson og Svavar Guðmundsson út veðskulda- bréf til handhafa að fjárhæð kr. 100.000. Til tryggingar veðskuld- inni veðsettu þeir skuldareiganda að sjálfsvörsluveði með 3. veð- rétti vélskipið Hildi, RE 380, sem talið var 366 brúttólestir að stærð, ásamt fylgifé. Á 1. og 2. veðrétti máttu hvíla allt að kr. 1.500.000.

Skylt var veðsölum að halda hinni veðsettu eign vel við og hafa hana vátryggða fyrir eldsvoða, en veðrétturinn nær einnig til vátryggingarfjárhæðarinnar, ef eignin brennur.

Hið veðsetta skip fórst á árinu 1968, áður en til nokkurrar

greiðslu kæmi af bréfinu, en skipið hafði verið vátryggt hjá Vátryggingafélaginu h/f.

Eigandi veðskuldabréfsins er Eggert Sigurmundsson, Auðsholtshjáleigu, Ölfushreppi, en sóknaraðili hefur innheimtuumboð fyrir Eggert.

Seint á árinu 1968 krafði sóknaraðili Vátryggingafélagið h/f um greiðslu á skuldabréfsfjárhæðinni ásamt vöxtum. Hinn 3. desember 1968 voru greiddar upp í bréfið kr. 10.000 og hinn 27. janúar 1969 undirritaði Vátryggingafélagið h/f greiðsluloforð, þannig að kr. 25.000 skyldu greiddar 10. febrúar 1969, en afgangurinn ásamt vöxtum og kostnaði fyrir maílok 1969.

Ekki var staðið við greiðsluloforð þetta.

Hinn 9. september 1969 bað sóknaraðili um löghald í eignum Vátryggingafélagsins h/f. Löghald þetta fór fram 18. september 1969, og var lagt löghald á 10 skrifborð, 5 ritvélar og 3 reiknivélar. Ekki fóru vörsluskipti fram á munum þessum.

Hinn 23. september 1969 höfðaði sóknaraðili bæjarþingsmál á hendur Vátryggingafélaginu h/f. Dómur gekk í því máli á bæjarþingi Reykjavíkur 3. október 1969, og var löghaldið þar staðfest.

Að lokinni dómsbirtingu og aðfararfresti var fjárnám gert í þeim sömu munum og löghald hafði verið gert í. Vörsluskipti fóru fram 27. febrúar og 2. mars 1970.

Sóknaraðili bað um uppboð á hinum fjárnumdu munum 13. mars 1970, og fór uppboðið fram 23. maí s. á. Hinir fjárnumdu munir voru seldir á kr. 144.588 nettó. Hefur uppboðsandvirði þetta verið í vörslu uppboðsréttarins síðan.

Bú Vátryggingafélagsins h/f var úrskurðað í skiptarétti Reykjavíkur gjaldþrota hinn 13. mars 1970. Unnsteinn Beck borgarfégeti, sem hefur haft með höndum skiptameðferð þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, var viðstaddur uppboðið á eignum þess hinn 23. maí 1970. Hann lét fyrir hönd þrotabúsins færa til bókar, að með tilvísun til 22. gr. laga nr. 25/1929 gerði hann þann fyrirvara, að uppboðsbeiðanda (sóknaraðilja þessa máls) verði ekki greitt andvirði sölu hinna fjárnumdu muna, fyrr en lögætum skiptafundi í þrotabúinu gæfist kostur að tjá sig um það, hvort fjárnámið haldi gildi gagnvart búinu.

Höfðaði því sóknaraðili, Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður, mál fyrir uppboðsrétti og krafðist þess, að uppboðshaldari greiddi sér kröfu sína af uppboðsandvirðinu. Var um þessa kröfu rekið sérstakt uppboðsréttarmál. Var úrskurður felldur í máli þessu hinn 22. júní 1971 með þeim úrslitum, að kröfu sóknaraðilja var

hafnað, en sagt, að uppboðsandvirðið gangi til skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f. Málskostnaður var látinn falla niður.

Sóknaraðili áfrýjaði úrskurði þessum til Hæstaréttar. Fyrir þeim rétti gekk dómur hinn 18. maí 1972.

Dómsorð var svohljóðandi:

„Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað aftur til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður“.

Eftir uppsögn dóms Hæstaréttar hefur málið verið tekið fyrir í uppboðsrétti að nýju. Lögmenn aðilja hafa ritað greinargerðir og gert þær réttarkröfur, sem raktar eru hér að framan.

Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Lausafjármunum þeim, sem í málinu greinir, hafði aðaláfrýjandi komið úr vörslum Vátryggingafélagsins h/f innan þess frests, sem settur er í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887, og áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 13. mars 1970. Gekk aðfararréttur aðaláfrýjanda fyrir rétti þrotabúsins, nema riftingarreglur gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 leiddu til annarrar niðurstöðu“.

Samkvæmt þessum forsendum Hæstaréttar skiptir öllu máli við niðurstöðu þessa máls, hvort riftingarreglur laga nr. 25/1929 eigi hér við eða ekki. Er hér fyrst og fremst um 22. gr. laganna að ræða.

Þar er talað um, að mál hafi verið höfðað á því tímabili, er um er rætt í 19. gr., þ. e. 6 mánaða fresturinn.

Það getur nokkuð orkað tvímælis, við hvað sé átt með, að mál sé höfðað. Rétturinn vill fallast á það með sóknaraðilja, að nægilegt sé í þessum efnunum, að fram fari löghald. Löghaldið er upphaf málareksturs, sem staðfesta ber síðan með dómi. Ósanngjarnt væri að krefjast þess, að staðfestingarmálið væri höfðað.

Bú Vátryggingafélagsins h/f var úrskurðað gjaldþrota hinn 13. mars 1970. Ef riftunarreglur laga nr. 25/1929 eiga hér við, þá verður mál að hafa verið höfðað í fyrsta lagi 13. september 1969. Nú er löghaldsbeiðnin dagsett 9. september 1969, en löghaldsgerðin frankvæmd 18. s. m.

Rétturinn lítur svo á, að útgáfa löghaldsbeiðni sé nægileg til að forða löghaldinu, síðara fjárnámi og uppboði frá riftingarreglum gjaldþrotaskiptalaga.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að kröfur sóknaraðilja verða teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að úrskurða varnaraðilja, skiptaráðandann í Reykjavík vegna þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, til að greiða sóknaraðilja kr. 6.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Sóknaraðilja, Vagni E. Jónssyni, skal afhenda kr. 104.462, með 7% ársvöxtum af kr. 100.000 frá 15. september 1967 til 5. desember 1969 og af kr. 90.000 frá þeim degi til greiðsludags, af uppboðsandvirði fjárnuminna muna Vátryggingafélagsins h/f á nauðungaruppboði, sem fram fór 23. maí 1970 samkvæmt uppboðsbeiðni sóknaraðilja.

Varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík vegna þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, skal greiða sóknaraðilja kr. 6.000 í málskostnað.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 6. maí 1975.

Nr. 122/1972. **Sigurður Helgason**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Kristni Bergþórssyni
(Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Vöruskipti. Gallar. Kvörtun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði